

L Ö G

23

9. jan.

um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á
íslenskum mótorskipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri í mótorskipi með 150—400 hestafla vél,
er verið hefir 2 vélstjóri við 150—400 hestafla samskonar vél í 24 mánuði, en
rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1.
vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri
við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera
1. vélstjóri við 150—400 hestafla vél.

Enginn hefir þó rétt til að vera 1. vélstjóri samkv. annari málsgrein þess-
arar greinar við stærri mótórvél en 150 hestöfl, nema hann hafi áður stundað
vélgæzlu við samskonar vél að minnsta kosti í 6 mánuði og að undangengnu
verklegu og munnlegu prófi samkv. reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið
setur.

2. gr.

Síðustu málsg. 6. gr. laganna skal orða svo:

Á mótorskipum með vél yfir 400 hestöfl skal vera vélalið samkvæmt
ákvæðum í 1. málsg. 12. gr. laga nr. 43 3. nóv. 1915.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.